

Fundargerð 14. fundar stjórnar Hundaræktarfélags Íslands

starfsárið 2023-2024.

Þriðjudaginn 26. mars kl. 17:00 var haldinn fjórtándi fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands.

Fundurinn var haldinn í húsnæði félagsins að Melabraut 17, 220 Hafnarfirði.

Mættar voru: Anna Guðjónsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Erla Heiðrún Benediktsdóttir, Erna Sigríður Ómarsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir. Ágústa Pétursdóttir, framkvæmdastjóri, sat fundinn.

Anna ritaði fundinn.

Dagskrá:

1. Erindi afgreidd á milli funda

BOAS hópskoðun

Undanfarið hefur verið unnið að undirbúningi fyrir BOAS hópskoðun og loks er komin dagsetning, en hópskoðun mun fara fram á Melabraut laugardaginn 27. apríl. Opnað verður fyrir skráningu fljótlega og skoðunin auglýst.

Ósk frá félagsmanni um ósk á undanþágu frá augnskoðunarkröfu

Erindi barst frá félagsmanni sem óskaði eftir undanþágu á augnskoðunarkröfu á rakka. Stjórn hafnaði þeirri beiðni um undanþágu.

Hljóðvist á Melabraut 17

Framkvæmdastjóri fékk úttekt á hljóðvist í húsnæði félagsins og í framhaldi tilboð í framkvæmdirnar. Tilboðið var samþykkt og framkvæmdir áætlaðar öðru hvoru megin við mánaðarmótin apríl/maí.

2. Lagabreytingar

Farið var yfir lagabreytingatillögur stjórnar sem verða lagðar fyrir aðalfund 18. apríl n.k.

3. Önnur mál

Erindi barst frá félagsmönnum um breytingar á ræktunarreglum fyrir ákveðnar tegundir. Erindum er vísað áfram til ræktunar og staðlanefndar.

Erindi barst frá retieverdeild varðandi breytingar á veiðiprófareglum. Stjórn óskaði eftir frekari útskýringum frá deildinni.

Fundi slitið kl.19:15.